

Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Föstudagur 6. nóvember 2020.



13. fundur stjórnar VG, fjarfundur.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.
Ingibjörg Þórðardóttir ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Rúnar Gíslason, Ragnar Auðun Árnason, Sóley Björk Stefánsdóttir, Berglind Häsler, Álfheiður Ingadóttir, Þóra Magnea Magnúsdóttir, Elva Hrönn Hjartardóttir, Andrés Skúlason, Bjarni Jónsson, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasarson, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fulltrúi þingflokks), Sigrún Birna Steinarsdóttir (fulltrúi UVG),

F.h. starfsmanna: Björg Eva Erlendsdóttir, Anna Lísu Björnsdóttir, Bjarki Hjörleifsson, Lísu Kristjánsdóttir og Orri Páll Jóhannsson

Fundur settur kl. 15.05.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt
2. Starfsmannamál fyrir komandi Alþingiskosningar
 - a. Björg Eva kynnir.
3. Auglýsingastofa.
 - a. Lísu kynnir fulltrúa frá auglýsingastofu og þau fara yfir hugmyndir.
 - b. Umræður. Margir stjórnarmenn taka þátt.
4. Fjarfundir nýafstaðnir og framundan, þ.m.t. flokksráðsfundur í janúar.
 - a. Mummi ræðir. Líklegast verðum við bara í fjarfundi. Gott að skipuleggja út frá meginmarkmiðunum sem eru að vinna að stefnum hreyfingarinnar. Hóparnir verða komnir með drög að stefnu sem verður kynnt á flokksráðsfundinum. Við verðum líklega bæði á föstudegi og laugardegi.
 - b. Björg Eva. Mikil gróska í fjarfundum. Málefnaþóparnir eru að halda opna fjarfundi. Hvetur fólk til að mæta á auglýsta fundi.

5. Staðan á kjördæmisráðum.
 - a. Björg Eva kynnir. Öll kjördæmisráð eru komin af stað, annað hvort búin að halda aðalfund eða að undirbúa fundi.
 - b. Kolbeinn spyr hvenær listar eiga að vera tilbúnir.
 - c. Rætt um óvirk svæðisfélög og ábyrgð kjördæmisráðanna.
 - d. Mikilvægt að stjórnir kjördæmisráða fái tímalínu til að vinna eftir.

6. Forvalsreglur.
 - a. Björg Eva segir að best sé að taka út póstkosningu. Vill bara hafa kjörstað og rafrænt.
 - b. Bjarni Jónsson segir ekki víst sé að það sama henti öllum kjördæmum.
 - c. Katrín, Björg Eva og Bjarni munu taka þett fyrir á næst stjórnarfundum.
 - d. Óskað verður eftir athugasemdum við forvalsreglur frá formönnum kjördæmisráða.

7. Almennar stjórnsmálaumræður.
 - a. Katrín ræðir um stöðu mála varðandi heimsfaraldur. Mörg mál hafa ekki komist á dagskrá vegna Covid.

Bjarni Jónsson vísar til fundi kl. 16:52.

Katrín vísar til fundi kl. 16:54, Mummi tekur við stjórn fundarins.

- b. Mummi ræðir um farsóttarþreypu sem við finnum fyrir daglega. Mál sem þarf að fara í eru t.d. sameining sveitarfélaga, riðan í Skagafirði, vinna að kolefnishlutleysi og loftslagsmál
- c. Kolbeinn talar um þingið og stöðuna. Þingið mun ræða valdheimildir og sóttvarnarmál. Umræða um Covid hefur áhrif á allt sem rætt er í þinginu.

Katrín mætir aftur kl. 17:02 og tekur við stjórn fundarins.

- d. Elva spyr um tillögu Rósu Bjarkar og einnig um mál fólks frá Senegal.

- i. Katrín svarar og segir að tveir þingmenn VG séu á máli Rósu. Mál fjölskyldunnar frá Senegal er flókið því þau komu hér í öðru lagaumhverfi.
- e. Þóra Magnea spyr um það hvað átt er við þegar talað er um breytingar á sóttvarnarlögum.
 - i. Katrín segir að búið sé að skoða þau og niðurstöðurnar sýna að lögin eru góð og standast tímans tönn, en það þarf að endurskoða þau. T.d. er orðið sóttkví ekki til í þeim.
- f. Kolbeinn segir að það sé erfitt að láta til sín taka á þinginu þegar þingmenn eru beðnir að vera sem minnst í húsinu.
- g. Sóley talar um niðurskurð í jöfnunarsjóð sveitarfélaga.
 - i. Katrín segir það ekki rétt að búið sé að skera niður framlög til jöfnunarsjóðs. Þau framlög fylgja landsframléiðslu.
- h. Ragnar ræðir um stöðu námsmanna erlendis. Vill að lán þeirra hækki vegna gengis krónunnar.
 - i. Katrín segist ætla að skoða þetta betur.

8. Önnur mál

- a. Rætt var um skoðanakannanir og landslagið í pólitíkinni

Fundi slitið kl. 17:40

Næsti stjórnarfundur verður boðaður með dagskrá föstudaginn 4. desember kl. 15.00.